

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1940 að innheimta með 25% viðauka vitagjald, aukatekjur ríkissjóðs, þær sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, I.—VI. kafla, og stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921.

19

12. júní

3. gr.

Viðaukinn sé reiknaður þannig, að hver gjaldeining hækkar um 25%, og reiknast $\frac{1}{2}$ eyrir og $\frac{1}{2}$ % eða hærra sem heill eyrir eða heilt prósent, en minna broti skal sleppt.

Gengisviðauki sá á aukatekjum ríkissjóðs og stimpilgjaldi, er um ræðir í þessari grein, tekur þó ekki til greiðslna fyrir embættisverk, sem framkvæmd eru, eða fyrir skjöl, sem gefin eru út vegna framkvæmdar á lögum nr. 78 19. júní 1933, um kreppulánasjóð.

Rísi ágreiningur um það, hvort reikna skuli gjaldið með 25% viðauka eða ekki, sker fjármálaráðuneytið úr.

4. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal til ársloka 1940 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 80% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. júní 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jakob Möller.

L Ö G

20

um breyting á og viðauka við námulög nr. 50 30. júlí 1909.

12. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallið á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir 6. gr. námulaganna bætist:

2. kafli.

Um sölu og leigu námuréttinda í landareignum kaupstaða, hreppsfélaga, sjóða og opinberra stofnana.

7. gr.

Eigi má selja eða leigja námuréttindi í landareignum kaupstaða, hreppsfélaga, sjóða né opinberra stofnana, nema til þess sé fengið samþykki atvinnumálaráðuneyt-

20 isins. Eru allar ráðstafanir í þessu efni ógildar gagnvart eigendum námuréttindanna, 12. júní þangað til samþykki ráðuneytisins er fengið.

Greinatala og kaflaskipti laganna breytist samkvæmt þessu.

2. gr.

Aftan við 7. gr. laganna bætist: enda sé til þess fengið málmgraftarbréf hjá hlutaðeigandi lögreglustjóra, staðfest af atvinnumálaráðuneytinu.

3. gr.

Aftan við 4. mgr. 8. gr. laganna bætist:

Bréfið skal því næst sent atvinnumálaráðuneytinu, er endursendir það lögreglustjóra með áritaðri staðfestingu, ef það telur rétt að veita málmgraftarleyfi. Ráðuneytið getur bundið leyfið þeim skilyrðum, sem það telur þurfa.

4. gr.

Á eftir orðunum „Eigi má“ í upphafi 5. mgr. 8. gr. laganna komi: lögreglustjóri.

5. gr.

Aftan við síðustu málgr. 8. gr. laganna bætist: þegar ráðuneytið hefir staðfest það.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. júní 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ólafur Thors.

21

12. júní

L Ö G

um ostrurækt.

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að ákveða í reglugerð, að tiltekin svæði í fjórðum inni skuli um tiltekinn tíma friðuð til ostruræktar fyrir hverskonar veiðum, öðrum en ostruveiðum. Ennfremur skal þar ákveðið, hvernig og á hvaða árs-tíma heimilt sé að stunda ostruveiðar.

Slík friðun skal þó því skilyrði bundin, að hún komi ekki í bága við veiðiskap, sem fyrir er á svæðinu, hvort heldur er um að ræða veiði nytjafiska eða skelfiska-tekju, nema samkomulag náist við þá, er þar eiga hagsmuna að gæta, og ennfremur,